

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. apríl 2026

Mál nr. S-7499/2025:

## Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

## Toader Cantaragiu

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

### Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 23. desember 2025, á hendur Toader Cantaragiu, kt. [...], [...], fyrir eftirtalin brot:

- Þjófnað með því að hafa, þriðjudaginn 16. júlí 2024, í verslun A, kt. [...], að [...] í Reykjavík, í félagi við óþekktan aðila stolið vörum að verðmæti samtals kr. 13.984.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- Fjársvik í félagi við þekktan aðila með því að hafa, laugardaginn 7. september 2024, í verslun B að Lækjargötu í Hafnarfirði, blekkt starfsmann í staðgreiðsluviðskiptum með framvísun á greiðslukorti í eigu C ehf., kt. [...], sem ákærði hafði heimildarlaust í fórum sínum og svikið út vörur að verðmæti samtals kr. 100.048 og þannig látið skuldfæra andvirði þeirra af greiðslukorti C ehf.

Telst brot þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- Þjófnað með því að hafa, mánudaginn 3. mars 2025, í verslun [...], kt. [...], að [...] í Reykjavík, stolið vöru að óþekktu verðmæti.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar og útlendingalögum með því að hafa, sunnudaginn 16. mars 2025, utandyra við hús nr. [...] að Austurstræti í Reykjavík, valdið ónæði og hneykslan á almannafæri með því að betla þar peninga af almenningi með harmonikkuspili og er lögregla hafði afskipti af ákærða brotið gegn skyldu sinni að kröfu lögreglu um að sýna skilríki og veita upplýsingar til að upplýsa hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væri lögmæt.

Telst brot þetta varða við 3. gr., sbr. 30. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 og 1. mgr. 14. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 116. gr., laga um útlendinga nr. 80/2016.

5. Þjófnað með því að hafa, mánudaginn 17. mars 2025, í verslun A, kt. [...], að Borgartúni [...] í Reykjavík, stolið vörum að verðmæti samtals kr. 98.974.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Útlendingalagabrot með því að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða eins og lýst er í ákærulið 5, brotið gegn skyldu sinni að kröfu lögreglu um að sýna skilríki til að upplýsa hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væru lögmæt.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 116. gr., útlendingalaga nr. 80/2016.

7. Brot á áfengislögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar með því að hafa, fimmtudaginn 3. apríl 2025, á Laugavegi við Skólavörðustíg í Reykjavík, valdið hneykslan og óspektum á almannafæri vegna ölvunar og ónæði með því að betla þar peninga af almenningi með harmonikkuspili.

Telst brot þetta varða við 21. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr., áfengislaga nr. 75/1998, 3. gr., sbr. 30. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008.

8. Útlendingalagabrot með því að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða eins og lýst er í ákærulið 7, brotið gegn skyldu sinni að kröfu lögreglu um að sýna skilríki til að upplýsa hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væru lögmæt.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 116. gr., útlendingalaga nr. 80/2016.

9. Brot á áfengislögum og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg með því að hafa, laugardaginn 5. apríl 2025, utandyra við hús nr. [...] að Austurstræti í Reykjavík, valdið hneykslan og óspektum á almannaferi vegna ölvunar og ónæði með því að betla þar peninga af almenningi með harmonikkuspili.

Telst brot þetta varða við 21. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr., áfengislaga nr. 75/1998, 3. gr., sbr. 30. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008 og 6. gr. laga nr. 36/1988.

10. Útlendinga- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða eins og lýst er í ákærulið 9, brotið gegn skyldu sinni að kröfu lögreglu um að sýna skilríki til að upplýsa hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væri lögmæt, og haft í vörslum sínum 0,64 g af maríhúana, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða og lagði hald á.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. a-lið 1. mgr. 116. gr., laga um útlendinga nr. 80/2016 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2011, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Jafnframt er krafist upptöku á samtals 0,64 g af maríhúana, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

#### *Einkaréttarkröfur:*

Vegna ákæruliðar 1 gerir öryggisdeild [...] hf., kt. [...], þá kröfu fyrir hönd A ehf., kt. [...], að ákærði verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 13.083 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 16.07.24 til 15.11.24 og skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga að liðnum mánuði frá 15.11.24 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir héraðsdómi að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikning komi til málflutnings í málinu skv. 176. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins féll ákærvaldið frá ákæru vegna ákæruliðar 3.

Verjandi ákærða krefst sýknu af ákæruliðum 2, 4, 6, 7, 8, 9 og 10, utan fíkniefnalagabrotsins í ákærulið 10. Til vara og vegna ákæruliða 1 og 5 og fíkniefnalagabrotsins í ákærulið 10 krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst jafnframt

frávísunar bótakröfu en að því frágengnu eru ekki gerðar athugasemdir við bótakröfuna. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

### **Málsatvik**

Ákærði játar sök skv. ákæruliðum 1 og 5. Þá játar hann vörslur fíkniefna skv. ákærulið 10 en neitar að öðru leyti sök skv. þeim ákærulið. Fallið hefur verið frá ákærulið nr. 3.

### *Ákæruliður 2*

Hinn 7. september 2024 barst lögreglu tilkynning frá starfsfólki B við Lækjargötu í Hafnarfirði þess efnis að um tuttugu mínútum fyrr hefðu ókunnir aðilar komið í verslunina og tekið út vörur fyrir rúmlega 100.000 krónur með fyrirtækjakorti sem síðar hefði reynst stolið. Fram kom að til væri upptaka úr öryggismyndavélakerfi sem sýndi viðkomandi aðila.

Lögregla ræddi við starfsmann verslunarinnar sem greindi frá því að karl og kona, bæði af erlendu bergi brotin, hefðu komið í verslunina og keypt vörur fyrir samtals 100.048 krónur í þremur færslum. Þau hefðu framvísað þremur fyrirtækjakortum. Fyrstu tveimur kortunum hefði verið hafnað en greiðslan hefði gengið í gegn með því þriðja. Starfsmaðurinn kvað karlmanninn hafa verið augljóslega ölvaðan. Grunsemdir hefðu vaknað hjá henni eftir viðskiptin, meðal annars vegna þess að sama par hefði komið í verslunina nokkrum dögum fyrr, beðið um vatn og spurt hvort það mætti taka dósir úr ruslafötunni. Starfsmaðurinn hefði í kjölfarið haft samband við fyrirsvarsmann C ehf., eiganda þess fyrirtækjakorts sem notað var. Hann kannaðist ekki við að hafa verslað með kortinu. Skömmu síðar hefði fólkið mætt aftur í verslunina og reynt að nota kortið á ný, en þá hefði greiðslu verið synjað. Fólkið hafi yfirgefið verslunina áður en lögregla kom á vettvang. Lögreglumenn leituðu á svæðinu án árangurs. Starfsmaðurinn afhenti lögreglu upptökur úr öryggismyndavélum.

Í framhaldi af þessu höfðu lögreglumenn samband við forráðamann C ehf. Hann upplýsti að hann hefði tilkynnt þjófnað úr bifreið sinni 21. ágúst sama ár og óskað eftir því að fyrirtækjakortinu yrði lokað, sem B hefði staðfest við hann. Hann hefði þó síðar fengið tilkynningu um að kortið hefði verið notað á B við Hringbraut og hefði hann þá haft samband við lögreglu, sem ráðlagði honum að fara á vettvang. Skömmu síðar hefði hann fengið símtal frá starfsmanni B við Lækjargötu þar sem fram kom að kortið hefði verið notað á ný. Hann mætti síðar á lögreglustöð og kærði fjársvik með kortinu og lagði fram færsluyfirlit. Þá greindi hann jafnframt frá því hvaða munir hefðu verið teknir úr bifreið hans við innbrotið, þar á meðal umrætt kort.

Meðal gagna málsins eru þrjár kvittanir vegna framangreindra úttekta á B við Lækjargötu og upptökur úr öryggismyndavélum. Á upptökunum má sjá karl og konu í þrígang velja vörur úr hillum og greiða með kortinu. Skjáskot af upptökunum voru send til lögreglumanna og barst ábending um að um væri að ræða ákærða og eiginkonu hans.

Við skýrslutöku 11. febrúar 2025 staðfesti ákærði að hann og konan hans væru á myndunum. Hann kvaðst hafa fengið kortið frá ókunnugum manni úti á götu, en vegna ölvunar myndi hann hvorki vel eftir atvikinu né notkun kortsins.

#### *Ákæruliður 4*

Samkvæmt skýrslu lögreglu fengu lögreglumenn við reglubundið eftirlit í miðbæ Reykjavíkur fyrirmæli um að hafa afskipti af manni sem var að betla fé með því að spila tónlist í Austurstræti, við hús nr. [...]. Þegar lögreglumenn komu á vettvang sáú þeir ákærða spila tónlist og hafði hann kassa fyrir framan sig sem grunur lék á að væri ætlaður til söfnunar peninga.

Ljóst var að ákærði hafði ekki tilskilið leyfi til skemmtanahalds og var hann því handtekinn vegna brots gegn 4. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkurborgar. Ákærði neitaði að gefa upp nafn og gat ekki framvísað neinum persónuskilríkjum. Hann reyndist mjög erfiður í samskiptum, svaraði ekki spurningum lögreglu og vísaði ítrekað til eldra lögreglumáls sem hann krafðist þess að yrði tekið til meðferðar.

Ákærði var fluttur á lögreglustöð þar sem hann gaf loks upp nafn sitt. Haft var samband við túlk og málið afgreitt með vettvangsskýrslu vegna brots á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar. Jafnframt var honum kynnt að hann yrði kærður fyrir að hafa ekki framvísað lögmætum skilríkjum.

#### *Ákæruliður 6*

Hinn 17. mars 2025 voru lögreglumenn kallaðir að versluninni A í Borgartúni vegna gruns um þjófnað, sbr. ákærulið 5. Starfsmenn verslunarinnar bentu lögreglu á ákærða, sem gaf upp nafn sitt við afskiptin. Hann hafði engin persónuskilríki meðferðis og kvað þeim nýverið hafa verið stolið. Þá greindi hann frá því að hann byggi á götunni og nyti fjárhagsaðstoðar frá ríkinu.

Ákærði játaði þjófnaðinn úr versluninni. Samkvæmt skýrslu lögreglu var hann mjög erfiður í samskiptum, sýndi yfirgang og reyndi að stjórna aðstæðum. Hann vildi meðal annars segja lögreglu fyrir verkum og krafðist þess að fá að hlýða á framburð vitna. Ákærði var færður á lögreglustöð þar sem borin voru kennsl á hann með upplýsingum úr kerfum lögreglu.

#### *Ákæruliðir 7 og 8*

Hinn 3. apríl 2025 fóru lögreglumenn að beiðni varðstjóra á Laugaveg við Skólavörðustíg til að kanna aðstæður vegna betlara. Á vettvangi fundu þeir ákærða ásamt öðrum manni. Sá síðarnefndi sat á stól og lék á harmonikkku, en ákærði sat fyrir aftan hann og hafði einnig harmonikkku meðferðis. Ákærði kvaðst ekki hafa persónuskilríki þar sem þeim hefði verið stolið. Hann sýndi lögreglu afrit af [...]eyðublaði og framvísaði jafnframt neyðarferðaskilríkjum sem gefin höfðu verið út daginn áður. Ákærði var hand-

tekinn, grunaður um brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar og brot á útlendingalögum, og færður á lögreglustöð. Þar var honum birt upplýsingablað fyrir handtekna menn, en hann gat ekki undirritað það vegna ástands síns. Áfengispróf sýndi niðurstöðuna 2,87‰.

Daginn eftir gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu með aðstoð dómtúlks. Hann kvaðst hafa týnt skilríkjum sínum, tilkynnt það og væri með gögn því til staðfestingar. Hann sagðist búa á götunni en vera að leita sér að húsnæði. Þá kvaðst hann vera á atvinnuleysisbótum og fá auk þess peninga fyrir að spila á götunum. Hann hefði ánægju af því að leika á harmonikku og gerði það ekki í þeim tilgangi að betla heldur léti fólk honum í té peninga að eigin frumkvæði. Hann hafnaði því að hann væri að betla og kvaðst ekki afhenda fjármuni til neins annars.

### *Ákæruliðir 9 og 10*

Hinn 5. apríl 2025 veittu lögreglumenn við almennt eftirlit ákærða athygli í Austurstræti við hús nr. [...]. Ákærði var þar að spila á harmonikku og hafði tösku á jörðinni sér við hlið en á töskunni lágu myntir. Þegar lögregla óskaði eftir persónuskilríkjum gat ákærði ekki framvísað þeim og kvaðst vera á leið til [...] til að útvega sér nýtt vegabréf.

Ákærði var handtekinn, grunaður um brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar og brot á útlendingalögum. Við handtökuna fundust seðlar og myntir á líkama hans og var hann greinilega ölvaður. Áfengismælir sýndi niðurstöðuna 1,95‰. Við öryggisleit á ákærða fannst í hægri afturvasa buxna hans efni sem talið var kannabis. Ákærði kvaðst ætla að reykja efnið en gat ekki gert nánari grein fyrir því.

Sama dag var tekin skýrsla af ákærða. Hann kvaðst vera með tímabundin ferðaskilríki sem [...] sendiráðið hefði gefið út og hann hygðist ferðast til [...] síðar sama dag til að leysa úr skilríkjamálum sínum. Hann sagðist ætla að snúa aftur til landsins eftir eina til tvær vikur. Þá greindi hann frá því að hann léki á hljóðfæri vegna áhuga á tónlist. Enginn væri neyddur til að gefa honum peninga, en fólk mætti styrkja hann ef það vildi. Varðandi kannabisefnið kvaðst hann stundum reykja slíkt efni. Það hefði verið í vasa hans og væri í hans eigu, en jafnframt hélt hann því fram að einhver hefði sett efnið í tösku hans á meðan hann spilaði.

### **Framburður ákærða og vitna fyrir dómi**

*Ákærði* játar sök í ákærulið 1. Varðandi ákærulið 2 kvaðst hann hafa fengið umrætt greiðslukort í harmonikkuhulstrið á meðan hann spilaði á götu í miðbænum. Hann kvaðst ekki vita hver hefði lagt kortið í hulstrið en taldi líklegt að um væri að ræða einn þeirra sem gengju reglulega fram hjá honum. Hann sagðist oft fá ýmiss konar þakk-lætisgjafir frá vegfarendum, bæði peninga og gjafakort. Sama dag hefði hann farið með konu sinni og notað kortið einu sinni eða tvisvar í verslun í Hafnarfirði, en þau hefðu ekki notað það annars staðar. Hann taldi sig hafa spilað í miðbænum fyrir hádegi og farið

með strætisvagni til Hafnarfjarðar eftir hádegi, þar sem hann hefði verið að leita sér að húsnæði. Á þessum tíma hefði hann búið á hosteli í Hlíðunum. Hann mundi ekki nákvæmlega hvar eða hvað þau hefðu keypt, en staðfesti að hafa staðið að þeim viðskiptum sem fram koma á kvittunum málsins, meðal annars sígarettum og sælgæti til eigin nota. Hann taldi mögulegt að þrjár færslur hefðu farið í gegn þar sem hann hefði ekki vitað hve mikið væri á kortinu. Hann kvaðst ekki vita hvað hefði orðið um kortið eftir þetta og kannaðist ekki við þá aðila sem notuðu það daginn eftir. Þá greindi hann frá því að hann hefði á þessum tíma átt við alvarlegt áfengisvandamál að stríða og verið stöðugt ölvaður.

Varðandi ákærulið 4 hafnaði ákærði því að hafa verið að betla eða valda ónæði. Hann kvaðst hafa spilað á harmonikku á götum borgarinnar í mörg ár og lögreglan þekkti hann vel. Hann sagðist ætíð gefa upp kennitölu sína og lögreglan vissi að dvöl hans í landinu væri lögmæt. Hann kvaðst ekki hafa verið beðinn um að framvísa skilríkjum og að lögreglumenn þekktu hann gjarnan með nafni. Hann sagðist aldrei betla heldur væri hann listamaður sem spilaði sér og öðrum til ánægju. Honum hefði ekki verið sagt að hann þyrfti leyfi til skemmtanahalds. Hann mundi hvorki hvort hann hefði verið ölvaður umrætt sinn né eftir samskiptunum við lögreglu. Hann hefði ekki skilið hvers vegna hann var handtekinn þar sem hann talaði hvorki íslensku né ensku. Hann hefði fengið aðstoð tólks daginn eftir við skýrslutöku en þó ekki hafa skilið efni málsins til fulls. Að lokinni skýrslutöku hefði hann farið út, fengið sér bjór og ætlað að halda áfram að spila en þá verið handtekinn á ný.

Ákærði jatar sök í ákærulið 5 en neitar sök í ákærulið 6. Hann kvaðst þá ekki hafa haft skilríki meðferðis en lögregla hefði vitað hver hann væri og getað flett honum upp. Hann hefði gefið upp kennitölu sína líkt og hann gerði jafnan og verið látinn laus eftir samtal á lögreglustöð.

Varðandi ákæruliði 7 og 8 kvað ákærði sama eiga við og áður um harmonikkuleik sinn og afskipti lögreglu. Hann mundi ekki eftir atvikum en taldi sig ekki hafa verið mjög ölvaðan. Hann gæti hafa verið undir áhrifum en sagðist aldrei drekka til að valda vandræðum. Hann mundi ekki eftir að hafa blásið í áfengismæli. Þá mundi hann ekki eftir skilríkjum en taldi sig hugsanlega hafa verið með neyðarferðaskilríki sem hann hefði tekið úr vösum sínum hjá lögreglu. Hann myndi eftir að hafa fengið slík skilríki þar sem þau fyrri hefðu glatast. Hann sagðist almennt ekki bera skilríki á sér en væri þó með mynd af þeim og hefði framvísað henni í einhverjum tilvikum.

Varðandi ákæruliði 9 og 10 kvaðst ákærði hafa fengið fíkniefnin í harmonikkukassann þar sem einhver hefði kastað þeim þangað og þau síðan endað í vasa hans ásamt klinki. Hann sagðist hafa séð eitthvað grænt en ekki vitað hvað það væri. Hann kvaðst hvorki hafa verið að trufla neinn né betla. Hann taldi sig hafa verið með sömu skilríki og í ákærulið 8 en kannaðist ekki við að hafa verið spurður um skilríki. Hann væri þó nær alltaf spurður um kennitölu. Hann mundi ekki eftir að hafa blásið í áfengismæli og sagðist aldrei nota fíkniefni.

*Lögreglumaður nr. D, áður [...],* greindi frá afskiptum sínum af ákærða vegna ákæruliðar 4. Hann kvaðst hafa verið við reglubundið eftirlit í Austurstræti þegar hann hefði fengið fyrirmæli frá varðstjóra um að hafa afskipti af manni sem væri að betla og valda ónæði með háværum harmonikkuleik. Um ákærða hefði verið að ræða og hefði hann ekki haft tilskilið leyfi til skemmtanahalds utandyra. Ákærði hefði reynst erfiður í samskiptum. Hann hefði neitað að gefa upp nafn sitt, ekki svarað spurningum og snúið út úr með því að ræða um óskyld lögreglumál. Hann hefði verið beðinn um að framvísa skilríkjum en ekki gert það og ekki gefið upp ástæðu þess. Ákærði hefði verið færður á lögreglustöð þar sem hann hefði að lokum gefið upp nafn sitt og hefði þá verið unnt að bera kennsl á hann í kerfum lögreglu. Vitnið kvað samskipti við ákærða á vettvangi hafa farið fram á ensku og að ákærði hefði skilið lögreglumenn nægilega vel til að geta svarað og jafnframt vísað til annars máls sem hann vildi að yrði skoðað. Á lögreglustöð hefði síðan verið kallaður til túlkur.

*Lögreglumaður nr. E* greindi frá afskiptum sínum af ákærða vegna ákæruliða 5 og 6. Hann kvaðst hafa handtekið ákærða í kjölfar þjófnaðar í versluninni A. Ákærði hefði viðurkennt þjófnaðinn en verið ágengur í samskiptum, krafist þess að fá að heyra vitnaframburð og lýst því yfir að hann vildi greiða síðar. Þá hefði hann sagt að eðlilegt væri að taka vörur þar sem hann gæti ekki greitt fyrir þær. Ákærði hefði ekki haft skilríki meðferðis og sagt lögregluna vera með þau. Hann hefði því verið færður á lögreglustöð, en engin skráning hefði fundist um að skilríki hans væru í vörslum lögreglu. Á lögreglustöð hefði reynst unnt að staðfesta auðkenni hans þar sem mynd af vegabréfi hans hefði verið að finna í kerfum lögreglu. Vitnið mundi ekki með vissu hvort ákærði hefði gefið upp kennitölu sína á vettvangi, en hann hefði gefið upp nafn sitt. Lögreglumaðurinn kvað að þegar um útlendinga væri að ræða væru skilríki jafnan sótt ef viðkomandi bæri þau ekki á sér.

*Lögreglumaður nr. F* greindi frá afskiptum af ákærða vegna ákæruliða 7 og 8. Hann kvaðst ekki hafa haft fyrri kynni af ákærða. Hann hefði verið sendur af vakthafandi varðstjóra á Laugaveg vegna tveggja manna sem grunaðir voru um betl. Annar þeirra hefði setið með tösku og hljóðfæri en ákærði verið staðsettur fyrir aftan hann og einnig haft hljóðfæri meðferðis. Báðir hefðu haft peninga í dalli. Mennirnir hefðu verið grunaðir um ölvun. Þeir hefðu verið styggir í fyrstu en sinnt fyrirmælum lögreglu. Ákærði hefði blásið í áfengismæli og mælst með 2,87‰, sem vitnið taldi mjög háa niðurstöðu. Vitnið kvað að þegar afskipti væru höfð af útlendingum væri ætíð óskað eftir skilríkjum. Ákærði hefði framvísað [...]eyðublaði og neyðarferðaskilríkjum útgefnum af [...] sendiráðinu.

*Lögreglumaður nr. G* greindi frá afskiptum af ákærða vegna ákæruliða 9 og 10. Hann kvaðst hafa verið við almennt eftirlit þegar grunur vaknaði um að ákærði væri að

stunda betl. Ákærði hefði verið beðinn um að framvísa skilríkjum en ekki getað gert það. Vitnið mundi ekki með vissu hvort ákærði hefði gefið upp nafn eða kennitölu, en hann kannaðist við ákærða frá fyrri afskiptum. Ákærði hefði verið færður á lögreglustöð þar sem hann kvaðst vera á leið til útlanda til að sækja ný skilríki. Samskipti við ákærða hefðu farið fram á ensku en vitnið kvað hann hafa takmarkaða færni í því tungumáli. Ákærði hefði greinilega verið ölvaður og haft áfengan drykk undir höndum. Hann hefði verið látinn blása í áfengismæli sem sýndi hátt áfengismagn.

## Niðurstaða

Ákærði jatar skýlaust sök skv. ákæruliðum 1 og 5. Sannað er með játningu hans og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þeim ákæruliðum og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Við fyrirtöku málsins 16. febrúar sl. jataði ákærði einnig sök í ákærulið 2 en hann neitaði sök í þeim lið við aðalmeðferð málsins. Hann jataði einnig vörslur fíkniefna skv. ákærulið 10 en svör hans varðandi þann ákærulið eru þess eðlis að ekki verður talið um skýlausa játningu að ræða.

Ákærði hefur í nokkrum tilvikum haldið því fram að hann hafi ekki skilið til fulls hvað um var að vera og að leiðbeiningarskyldu lögreglu hafi ekki verið sinnt. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki annað ráðið en að ákærða hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir sakarefnum málsins og að túlkur hafi verið fenginn til aðstoðar við skýrslutökur eftir þörfum.

## Ákæruliður 2

Ákærða eru gefin að sök fjársvik í félagi með öðrum með því að blekkja starfsmann verslunar til að afhenda sér vörur að verðmæti um 100.000 krónur með því að framvísa greiðslukorti í eigu félags sem hann hafði heimildarlaust í fórum sínum.

Ákærði jataði háttsemina við fyrirtöku málsins en breytti afstöðu sinni við aðalmeðferð og kvaðst þá telja að hann hefði haft heimild til að nota kortið. Byggði hann það á því að kortið hefði verið sett í harmonikkukassann á meðan hann spilaði úti á götu og að um gjöf hefði verið að ræða.

Samkvæmt gögnum málsins hafði B-fyrirtækjakortið, sem ákærði notaði umrætt sinn, verið tilkynnt stolið nokkru fyrir atvikið. Starfsmaður verslunarinnar greindi frá því að ákærði og konan hans hefðu framvísað þremur fyrirtækjakortum, fyrstu tveimur hefði verið hafnað en greiðsla með hinu þriðja gengið í gegn. Þau hefðu síðan tvisvar sinnum enn valið vörur og greitt með sama korti. Þá liggur fyrir að kortið hafði verið notað í heimildarleysi af öðrum aðilum skömmu áður en ákærði notaði það og á ný næsta dag.

Við handtöku greindi ákærði frá því að hafa fengið kortið frá manni úti á götu, en kvaðst ekki geta skýrt nánar frá því sökum ölvunar. Sú frásögn hans fyrir dómi að óþekktur vegfarandi sem gengi reglulega framhjá honum hefði gefið honum kortið verður að teljast afar ótrúverðug í ljósi gagna málsins.

Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins, þar á meðal upptökum úr öryggismyndavélum sem sýna atvikin, verður ekki talið að ákærða hafi getað dulist að hann hefði enga heimild til að nota kortið. Þá verður talið sannað að brotið hafi verið framið í félagi eins og honum er gefið að sök. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brotið samkvæmt ákærulið 2 og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

#### *Ákæruliður 4*

Í 4. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar með því að hafa valdið ónæði og hneykslan á almannafæri með því að betla fé af vegfarendum með harmonikkuspili. Þá er honum jafnframt gefið að sök að hafa brotið gegn útlendingalögum með því að hafa ekki sinnt skyldu sinni til að framvísa skilríkjum og veita upplýsingar um hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væri lögmæt.

Fyrrgreinda brotið er í ákæru talið varða við 3. gr., sbr. 30. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008. Samkvæmt þeim ákvæðum er háttsemi á almannafæri sem raskar allsherjarreglu óheimil, svo sem uppbot, óspektir eða önnur háttsemi sem veldur truflun eða óþægindum fyrir vegfarendur. Þá er óheimilt að áreita aðra á almannafæri eða sýna þar ósæmilega háttsemi. Brot gegn ákvæðinu varða sektum.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi umrætt sinn verið að leika tónlist á götu með kassa fyrir framan sig. Lögreglumenn töldu að háttsemi hans bryti gegn 4. gr. lögreglusamþykktarinnar, þar sem lögreglustjóra er heimilt að banna notkun hljóðfæra á almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Ákærði neitar sök og kvaðst ekki hafa valdið neinu ónæði heldur einungis verið að leika á hljóðfæri sér og öðrum til ánægju. Fyrir dóminn kom lögreglumaður sem kom að handtöku ákærða. Ekkert kom fram í framburði hans sem benti til þess að ákærði hefði valdið ónæði eða hneykslan. Engin önnur vitni greindu frá slíku. Engin gögn málsins styðja að háttsemi ákærða hafi raskað allsherjarreglu eða valdið óþægindum fyrir vegfarendur. Verður ákærði því sýknaður af broti gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga er útlendingi skylt að kröfu lögreglu að framvísa skilríkjum og veita þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að upplýsa hver hann er og hvort dvöl hans í landinu er lögmæt. Í skýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi neitað að segja til nafns og ekki framvísað persónuskilríkjum við afskipti lögreglu. Þá gaf hann ekki upp hver hann var fyrr en eftir að hafa verið færður á lögreglustöð.

Ákærði neitar sök og kvaðst almennt alltaf gefa upp kennitölu sína og að lögreglumenn þekktu hann. Lögreglumaður sem staðfesti skýrslu sína fyrir dómi bar hins vegar skýrt um að ákærði hefði ekki gefið upp nafn sitt á vettvangi og ekki framvísað

skilríkjum. Með framburði vitnisins og öðrum gögnum málsins er sannað, gegn framburði ákærða, að hann hafi brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um útlendinga eins og honum er gefið að sök í ákæru. Er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

#### *Ákæruliður 6*

Í 6. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök brot gegn lögum um útlendinga með því að hafa ekki sýnt skilríki að kröfu lögreglunnar eins og nánar er lýst í ákæru. Samkvæmt skýrslu lögreglu hafði ákærði umrætt sinn engin skilríki meðferðis og kvað þeim hafa verið stolið skömmu áður. Borin voru kennsl á hann eftir að hann hafði verið færður á lögreglustöð.

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst ekki hafa haft skilríki á sér en að lögreglan vissi hver hann væri og hefði getað flett honum upp. Þá sagðist hann hafa gefið upp kennitölu sína líkt og hann gerði jafnan. Lögreglumaður sem hafði afskipti af ákærða umrætt sinn bar hins vegar fyrir dómi að ákærði hefði gefið upp nafn sitt en jafnframt haldið því fram að lögreglan væri með skilríkin hans. Engin gögn studdu þá fullyrðingu en mynd af vegabréfi ákærða hafi fundist í kerfum lögreglu og hafi þannig verið staðfest hver hann væri.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga er útlendingi skylt að sýna skilríki ef lögregla krefst þess. Með hliðsjón af framburði lögreglumannsins og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði varð ekki við þeirri skyldu sinni. Hefur hann því gerst brotlegur gegn framangreindu lagaákvæði og verður sakfelldur samkvæmt 6. lið ákærunnar.

#### *Ákæruliður 7*

Í 7. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn áfengislögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar með því að hafa valdið hneykslan og óspektum á almannaferi vegna ölvunar og með því að betla fé af almenningi með harmonikkuspili. Brot ákærða eru talin varða við 21. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr., áfengislaga nr. 75/1998, og 3. gr., sbr. 30. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008.

Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum áfengislaga varðar það sektum eða fangelsi allt að sex árum að valda óspektum, hættu eða hneyksli á almannaferi sökum ölvunar. Ákvæði 3. gr. lögreglusamþykktarinnar, sem rakið hefur verið að framan í tengslum við 4. lið ákærunnar, kveður á um að háttsemi sem raskar allsherjarreglu eða veldur vegfarendum óþægindum sé óheimil.

Ákærði neitar sök. Hann játaði að hafa verið ölvaður en hafnaði því að hafa valdið ónæði eða betlað.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi setið með hljóðfæri sitt fyrir aftan annan mann þegar lögreglan kom að þeim á Laugavegi. Ákærði blés í áfengismæli og mældist með 2,87%. Lögreglumaður sem kom á vettvang staðfesti þetta fyrir dómi. Hann kvað báða mennina hafa verið ölvaða og að þeir hefðu setið og leikið á hljóðfæri. Þeir

hefðu verið stýggir en hlýtt fyrir mælum lögreglu. Engin vitni komu fyrir dóminn og lýstu óspektum eða hneykslanlegri framkomu.

Samkvæmt framangreindu liggur ekkert fyrir sem sýnir að ákærði hafi valdið hneykslan, óspektum eða ónæði á almannaferi vegna ölvunar eða með því að betla fé af almenningi með harmonikkuspili. Er því ekki komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem honum eru gefin að sök í þessum ákærulið og verður hann því sýknaður.

#### *Ákæruliður 8*

Í 8. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn skyldu sinni samkvæmt lögum um útlendinga með því að hafa ekki sýnt skilríki að kröfu lögreglu til að upplýsa hver hann væri og hvort dvöl hans í landinu væri lögmæt, þegar lögreglumenn höfðu afskipti af honum vegna atvika sem greinir í 7. lið ákærunnar.

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir skilríkjum umrætt sinn en taldi sig hugsanlega hafa verið með neyðarferðaskilríki sem hann hefði nýlega fengið útgefin þar sem fyrri skilríki hans hefðu glatast. Í skýrslutöku hjá lögreglu greindi hann jafnframt frá því að hann væri á leið til [...] til að útvega sér nýtt vegabréf.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi við handtöku framvísað afriti af [...] -eyðublaði og neyðarferðaskilríkjum sem gefin höfðu verið út daginn áður. Lögreglumaður sem kom að handtökunni staðfesti þetta fyrir dómi og kvað ákærða hafa framvísað framangreindum skilríkjum.

Óumdeilt er að ákærði framvísaði umrætt sinn neyðarferðaskilríkjum sem hann hafði nýlega fengið útgefin til bráðabirgða. Verður að líta svo á að hann hafi með því fullnægt skyldu sinni samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga til að sýna skilríki að kröfu lögreglu. Verður ákærði því sýknaður af ákærulið 8.

#### *Ákæruliður 9*

Í 9. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn áfengislögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar með því að hafa valdið hneykslan og óspektum á almannaferi vegna ölvunar og með því að betla fé af almenningi með harmonikkuspili. Háttsemin er heimfærð til sömu ákvæða og í ákærulið 7.

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst hvorki hafa truflað neinn né betlað.

Samkvæmt skýrslu lögreglu veittu lögreglumenn ákærða athygli í Austurstræti þar sem hann lék á harmonikku og taska lá á jörðinni fyrir framan hann með smámynt í. Ákærði var greinilega ölvaður og blés í áfengismæli sem sýndi 1,95%. Lögreglumaður sem kom fyrir dóminn og greindi frá afskiptum af ákærða staðfesti að hann hefði verið sjáanlega ölvaður og haft áfengan drykk í höndunum.

Engin gögn málsins, hvorki framburður lögreglu né annarra vitna, lýsa því að ákærði hafi valdið ónæði, hneykslan eða óspektum umrætt sinn. Ekkert liggur fyrir sem sýnir að háttsemi hans hafi raskað allsherjarreglu eða valdið vegfarendum óþægindum.

Með vísan til framangreinds hefur ekki verið leidd fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem honum eru gefin að sök í þessum ákærulið. Verður hann því sýknaður af ákærulið 9.

#### *Ákæruliður 10*

Í síðasta lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa ekki sýnt skilríki að kröfu lögreglu í sama tilviki og greinir í ákærulið 9 og með því brotið gegn lögum um útlendinga. Þá er honum jafnframt gefið að sök að hafa haft í vörslum sínum 0,64 g af maríhúana.

Ákærði neitar sök vegna útlendingalagabrotsins. Hann kvaðst telja að hann hefði verið með sömu skilríki á sér og í ákærulið 8 enda hefðu atvikin gerst tveimur dögum síðar. Hann kannaðist þó ekki við að hafa verið spurður um skilríki umrætt sinn.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var ákærði spurður um skilríki en gat ekki framvísað þeim. Hann kvaðst vera á leið til [...] til að sækja nýtt vegabréf. Við skýrslutöku á lögreglustöð greindi hann frá því að hann hefði fengið útgefin neyðarferðaskilríki hjá [...] sendiráðinu og hygðist ferðast til [...] sama dag til að fá útgefin ný skilríki. Lögreglumaður sem kom fyrir dóminn staðfesti skýrsluna og bar að ákærði hefði verið krafinn um skilríki en ekki getað framvísað þeim. Hann hefði verið færður á lögreglustöð þar sem hann hefði greint frá fyrirhugaðri ferð til útlanda til að útvega sér ný skilríki.

Með vísan til framangreindrar skýrslu lögreglu sem staðfest var fyrir dómi er sannað að ákærði varð ekki við skyldu sinni samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga til að framvísa skilríkjum að kröfu lögreglu. Hefur hann því gerst brotlegur gegn ákvæðinu.

Ákærði játaði sök vegna fíkniefnalagabrotsins við fyrirtöku málsins en við aðalmeðferð kvaðst hann hafa tekið efnið upp úr harmonikkukassanum ásamt klinki án þess að gera sér grein fyrir hvað það væri. Hann sagðist ekki neyta fíkniefna. Við skýrslugjöf hjá lögreglu hafði hann hins vegar greint frá því að hann reykti stundum kannabis og að efnið væri í hans eigu þótt því hefði verið kastað í kassann hans.

Í ljósi játningar ákærða við fyrirtöku málsins og framburðar hans hjá lögreglu þykja skýringar hans fyrir dómi ótrúverðugar og verður lagt til grundvallar að hann hafi vitað um hvaða efni var að ræða. Verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

#### *Refsing, bótakrafa og sakarkostnaður*

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 15. desember 2025, hefur hann gengist undir tvær lögreglustjórásáttir vegna umferðarlagabrota. Með brotum sínum nú hefur ákærði í nokkrum tilvikum gerst sekur um auðgunarbrot og brot gegn útlendingalögum auk fíkniefnalagabrots. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess til mildunar að ákærði hefur játað hluta brota sinna, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af framangreindu og 77. gr. almennra

hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 90 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk 0,64 g af maríhúana sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Af hálfu A ehf. gerir öryggisdeild Festi hf. kröfu um skaðabætur úr hendi ákærða að fjárhæð 13.083 krónur auk vaxta vegna ákæruliðar 1. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir þjófnað í þeim ákærulið og er krafan nægilega studd gögnum. Hann gerir ekki athugasemd við kröfuna að öðru leyti en því að ekki sé ljóst hvort þar til bær aðili hafi sett kröfuna fram. Af kröfuskjalinu verður ráðið að lögmaður hafi undirritað kröfuna fyrir hönd bótakrefjanda og verður því talið að til þess bær aðili hafi sett kröfuna fram. Verður krafan því tekin til greina eins og hún er fram sett, en þó þannig að ekki þykja efni til að dæma bótakrefjanda málskostnað þar sem sækjandi sótti þing fyrir hans hönd og upphafsdagur dráttarvaxta miðast við mánuð eftir að bótakrafa var kynnt ákærða.

Ákærði greiði  $\frac{3}{4}$  af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, sem ákveðin verða 1.060.200 krónur að meðtöldum virðisauka-skatti, en  $\frac{1}{4}$  hluti málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði. Ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Lína Ágústsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Toader Cantaragiu, sæti fangelsi í 90 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði sæti upptöku á 0,64 g af maríhúana.

Ákærði greiði A ehf. 13.083 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júlí 2024 til 13. apríl 2025 en þá með dráttarvöxtum, skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu til greiðsludags.

Ákærði greiði  $\frac{3}{4}$  málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 1.060.200 krónur, en  $\frac{1}{4}$  hluti málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði.

Barbara Björnsdóttir